Menning

DV

Persónuleg steypa

Þennan mánuð hefur staðið yfir mjög athyglisverð styttusýning á Kjarvalsstöðum. Þar er um að ræða yfirlit verka Brynhildar Þorgeirsdóttur; álfastein, bæjarfjall, mann með bindi og margt fleira. Brynhildur er atorkumikill og hugmyndaríkur styttusmiður en það orkar tvímælis hvort vænlegt sé að efna til yfirlitssýningar svo ungs listamanns. Sú spurning verður áleitnari fyrir það að u.þ.b. helmingur verkanna er nýr, þ.e. frá þessu ári og því síðasta. Og einnig eru efnistök breytt í flestum hinna nýrri verka; steypan og glerið eru eftir sem áður frumefni Brynhildar en endanleg útfærsla er blæbrigðaríkari og mýkri. Hvasst stálið hefur að mestu vikið fyrir mýkri efnum, s.s. marine-texi, en áferð þess minnir helst á gúmmíkennt blý. Undirritaður skrifaði einnig um síðustu einkasýningu Brynhildar hér á landi en hún var í Gallerí Svörtu á hvítu við Laufásveg fyrir tveimur árum. Á þeirri sýningu voru nokkur verk sem einnig eru nú á Kjarvalsstöðum. En það verður að segjast að þessi tilteknu verk, t.a.m. „landvísar" og „riddarar", hafa að þessu sinni allt önnur áhrif á undirritaðan.



Brynhildur Þorgeirsdóttir er hér við eitt verka sinna.

Leikræn lýsing

Leikræn og heit svæðalýsingin á Kjarvalsstöðum sníður verkunum umgjörð sem er í senn lífræn og dauð í þeim skilningi að hún minnir um margt á forngripasafn. Þar með týnist talsvert af þeim hráleika og utandyraham sem einkennir a.m.k. elstu verk Brynhildar en í heildina verður lýsing sýningarinnar að teljast mjög vel heppnuð. Það er óvenjulegt að svo mikið sé lagt í lýsingu sýninga en Kjarvalsstaðir hafa gert kærkomna bragarbót í þessu efni á liðnum mánuðum. Til dæmis er það að mínu mati rétt ráðstöfun að hafa elstu „pönkverurnar" í forsal þar sem mestrar útibirtu nýtur. Einnig tekur hin tignarlega „Lady" sig vel út við innganginn. Það verk er að auki góður tengiliður við nýrri verkin í salnum; frjósemisgyðja með þrjú brjóst sem geymir í rökkvuðum kviðnum á þriðja tug steinbarna.

Mögnun efnis

Viðfangsefni Brynhildar virðist vera í auknum mæli efnið sjálft; steinninn fær að vera steinn og er ekki persónugerður eins og áður. Þess í stað gefur listamaðurinn verki sínu innri persónulega mögnun. Samsvörun má e.t.v. finna í þeirri spennu sem orsakast af eldstöðvum undir jökli. Við slíkar kringumstæður myndast bergtegundir sem vísindamenn hallast nú í æ ríkari mæli að að verði rafhlöður framtíðarinnar; samanþjöppuð orka. Í þeim mögnunaranda eru flest eftirminnilegustu verkin á þessari sýningu; „Álfasteinn", „Bæjarfjall" o.fl. Slík verk bera það með sér að höfundur þerra er óspar á orku og kann að veita henni í farveg upprunans. Bæjarfjallið er sennilega alltaf handan við hornið, jafnvel á Manhattan. Brynhildur Þorgeirsdóttir sýnir, svo ekki verður um villst á þessari sýningu, að hún er meðal okkar fremstu skúlptúrista. Sýningunni lýkur nk. sunnudag.

Myndlist

Ólafur Engilbertsson

Andlát

Jóhanna Böðvarsdóttir Aðils lést á Landakotsspítala 26. þ.m.

Ingveldur Jónsdóttir, Skeggjastöðum, Garði, andaðist á heimili dóttur sinnar 25. nóvember.

Sigríður Sigurðardóttir, Álftahólum 6, lést að morgni 27. nóvember.

Unnur Thoroddsen lyfjafræðingur lést í Landakotsspítala 27. nóvember.

Hjörtur Oddsson læknir lést í Uppsölum í Svíþjóð 26. nóvember.

Jarðarfarir

Guðrún Guðfinna Þorsteinsdóttir, Króksstöðum, Miðfirði, verður jarðsett frá Melstaðarkirkju föstudaginn 30. nóvember kl. 14.

Þórir Halldórsson, Hátúni 10b, lést 12. nóvember. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Henry Franzson, lést þriðjudaginn 13. nóvember sl. Jarðarförin hefur farið fram.

Milutin Kojic verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 29. nóvember kl. 13.30.

Skarphéðinn Jónatansson, Írabakka 12, sem lést á heimili sínu 20. þ.m., verður jarðsunginn frá nýju Fossvogskapellunni fimmtudaginn 29. nóvember kl. 13.30.



Gústav B. Jónasson rafvirkjameistari lést 20. nóvember. Hann var fæddur á Þingeyri við Dýrafjörð þann 16. nóvember árið 1911. Hann var sonur hjónanna Jónasar Jónassonar og Ingibjargar Bergsdóttur. Gústav lauk námi í rafvirkjun og starfaði lengst af við iðn sína. Hann giftist Hlín Jónsdóttur, en hún lést árið 1973. Þau eignuðust þrjú börn. Útför Gústavs verður gerð frá Akureyrarkirkju í dag kl. 13.30.

Tapað fundið

Fór einhver bílavillt

Aðfaranótt sunnudagsins var af misskilningi sett ritgerð og 4 geisladiskar í bifreið sem stóð fyrir utan Fjölbrautaskólann í Ármúla. Upplýsingar í síma 78698.

Fundir

ITC deildin Melkorka

heldur fund í kvöld í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi kl. 20. Fundarstef: Sá sem þekkir aðeins eina hlið á málinu þekkir lítið til þess. Meðal efnis á fundinum eru kvikmynda- og leikhúspistlar, íslenskt mál og fleira. Fundurinn er öllum opinn. Upplýsingar veita Guðrún s. 67806 og Ólöf s. 72715.

Tilkynningar



Geðhjálp komið út

Út er komið 2. tbl. tímaritsins Geðhjálpar 1990. Í blaðinu er að finna margvíslegar greinar sem tengjast geðhjálp og starfsemi Geðhjálpar. Halla Þorbjörnsdóttir barnageðlæknir fjallar um svokölluð „vegalaus börn", Auður Gunnarsdóttir skrifar um nýja valkosti í meðferð áfengismisnotenda. Pétur Hauksson geðlæknir gerir grein fyrir líkamlegum óþægindum af andlegum toga. Þormóður Svavarsson félagsráðgjafi skrifar grein um eftirköst skilnaðar og úrvinnslu. Ljóð og styttri greinar eru ennfremur hluti af efni blaðsins. Geðhjálp vekur ennfremur athygli á ráðstefnu sem haldin verður á vegum félagsins í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6, þann 29. nóvember.

Jólakveðjur í útvarpi í Malmö

Útvarp Íslendingafélgsins í Malmö og nágrenni – útvarp Imon – býður landsmönnum að senda ættingjum og vinum í Malmö jóla- og áramótakveðjur. Kveðjurnar verða lesnar á Þorláksmessu. Sendingar útvarps Imon nást um alla Malmöborg og svo sem fimmtíu kílómetra út frá henni. Þeir sem hug hafa á að gleðja ættingja og vini í þeim landshluta Svíþjóðar með kveðju eru beðnir um að senda hana á korti eða í bréfi sem allra fyrst. Í síðasta lagi 10. desember. Utanáskriftin er: Útvarp Imon, P.O. Box 283, 20122 Malmö, Sverige. Einnig má senda kveðjuna á myndrita (faxi). Númerið er 904640124661.

Íslenskar hestaættir

Fræðslufundur um íslenskar hestaættir verður haldinn í Félagsheimili Fáks í Víðidal fimmtudaginn 29. nóvember kl. 20.30. Ræðumenn kvöldsins verða Gunnar Bjarnason, fyrrum hrossaræktarráðunautur og höfundur bókaflokksins Ættbók og saga, og Jónas Kristjánsson, höfundur bókanna Heiðajarlar og Ættfeður. Á fundinum verður m.a. sagt frá breyttum ættfærslum í þekktum hestaættum. Fundurinn er haldinn á vegum fræðslunefndar Hestamannafélagsins Fáks.

Hans Petersen styrkir Krabbameinsfélagið með sölu jólakorta


Eins og undanfarin ár selja verslanir Hans Petersen h/f jólakort sem ætluð eru til þess að setja myndir í og eru öll kortin til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands. Af hverju seldu korti í verslunum Hans Petersen renna 5 kr. til Krabbameinsfélagsins. Í ár er sérstaklega vandað til þessara korta og var Jón Reykdal listmálari fenginn til þess að teikna myndir framan á tvö kortanna. Einnig er það nýjung að boðnar eru fallegar vetrarmyndir í kortin fyrir þá sem ekki hafa myndir handbærar en vilja senda kort til styrktar Krabbameinsfélaginu.

Félag eldri borgara

Opið hús í dag að Hverfisgötu 105, Risinu frá kl. 14. Frjáls spilamennska. Margrét Thoroddsen frá Tryggingastofnun ríkisins verður til viðtals á morgun, fimmtudag, frá kl. 13–15.


Besti vinur ljóðsins Skáldakvöld á Hótel Borg

Í kvöld, miðvikudagskvöldið 28. nóvember kl. 21, efnir Besti vinur ljóðsins til skáldakvölds á Hótel Borg. Þar verða kynntar ýmsar þær bækur sem koma út nú fyrir jólin. Eftirfarandi ljóðskáld og rithöfundar munu lesa úr verkum sínum: Baldur Gunnarsson, Stefán Sigurkarlsson, Melkorka Tekla, Sigurður Pálsson, Jón Stefánsson, Árni Ibsen, Kristján Kristjánsson, Fríða Á. Sigurðardóttir, Þórarinn Eldjárn og Rúnar Helgi Vignisson. Kynnir er Kristján Þórður Hrafnsson.




Listaverkakort frá Safni Ásgríms Jónssonar

Út er komið listaverkakort sem Safn Ásgríms Jónssonar gefur út fyrir þessi jól. Kortið er eftir vatnslitamynd Ásgríms **Strútur og Eiríksjökull** frá 1948. Kortið er til sölu í safni Ásgríms Jónssonar, Bergstaðastræti 74, á þeim tíma sem safnið er opið; þriðjudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 13.30–16 og ennfremur í Listasafni Íslands þegar það er opið.



Jólakort Barnahjálpar sameinuðu þjóðanna

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, hefur selt jólakort til fjáröflunar fyrir starfsemi sína síðan 1949. Fyrsta UNICEF kortið var mynd eftir tékkneska stúlku en hún gaf mynd sína í þakklætisskyni fyrir þá aðstoð sem þorpið hennar varð aðnjótandi í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar. Allar götur síðan hafa UNICEF kortin verið listaverkamyndir, bæði verk stóru meistaranna, nútímalist, höggmyndalist og klippimyndir. Þessi listaverk eru frá yfir 200 þjóðlöndum en ágóðinn af sölunni fer allur til starfsemi Barnahjálparinnar meðal barna í þróunarlöndunum. Hér á Íslandi er það Kvenstúdentafélag Íslands sem sér um sölu jólakorta Barnahjálparinnar. Skrifstofa félagsins er að Hallveigarstöðum, Öldugötumegin, og er opin fram að jólum milli kl. 16–18. Þar er hægt að nálgast jólakortin og aðra hluti sem Barnahjálpin selur, auk þess sem kortunum hefur verið dreift í allar helstu bókabúðir landsins.



Kort frá Listasafni Íslands

Undanfarna áratugi hefur Listasafn Íslands látið gera eftirprentanir af verkum íslenskra myndlistarmanna í eigu safnsins og eru þau tilvalin sem jólakort. Nú eru nýkomin út þrjú kort litprentuð á tvöfaldan karton af eftirtöldum verkum: Gullfjöll, 1946 eftir Svavar Guðnason, Íslandslag eftir Jóhannes S. Kjarval og National Museum Washington, 1979, eftir Erró. Kortin, sem eru mjög vönduð, eru til sölu í Listasafni Íslands, Fríkirkjuvegi 7, sími 621000, opið daglega kl. 12–18 nema mánudaga.

†

Eiginmaður minn og faðir

Henry Franzson

lést þriðjudaginn 13. nóvember sl. Jarðarförin hefur farið fram.

Guðbjörg Guðmundsdóttir
og
Hólmar Henryzson